

## Alfreð Elíasson

Hann var eldhugi á sviði flugs á lands- og heimsvísu.



# ÆVINTÝRI ÞRUMUFLEYGGS

Alfreð Elíasson var eldhugi á sviði flugs á lands- og heimsvísu. Heimildamyndin sýnir okkur hvernig hann blómstrar gegnum malbik þeirra undarlegu viðskiptahátta sem hafa tíðkast meðal Íslendinga. Hann kemur á fót flugfélagi og er í kjölfarið brautryðjandi á flestum sviðum sem tengjast geiranum. Ég sit í bíósalnum og fylgist með gömlu fólki staulast inn. Það spyr hvort sætin séu númeruð og talar upphátt þegar það þekkir einhvern á hvíta tjaldinu, sem er býsna oft. Myndin lítur ef til vill ekki spennandi út fyrir fólk í yngri kantinum en á engu að síður erindi og er prýðilega kynnt í samræmi við mikilvægi efniviðsins. Hún nær sennilega ekki til þeirra sem ekki hafa áhugann fyrir en áhuga-

**ALFREÐ ELÍASSON** ★★★★★  
**OG LOFTLEIÐIR**

Leikstjóri: Sigurgeir Orri Sigurgeirsson

**KVIKMYNDIR**

menn um flug, sagnfræði og þeir sem rekja ætterni og kunningskap til starfsvettvangs Alfreðs eru nú dágóður hópur. Myndin byrjar hálf-undarlega, graffikin er lítið flott og pixluð á allavega einum stað. Áferðin virðist lítið unnin og það er klippt of snaggaralega á lög og hljóð sem vinnur gegn flæðinu. Ýmislegt fleira er hroðvirknislega unnið. Eins og þegar ritari Alfreðs klórar sér ítrekað á bringunni þar sem hljóðneminn er og eyðileggur þar af leiðandi hljóðið

í miðri dramatískri lýsingu. Heimildamyndaformið sem notast er við er af gamla skólanum og það er spurning hvort slíkt eigi heima í kvikmyndahúsi í dag. En smátt og smátt sekkur maður sér inn í merkilega frásögn þess mikla fjölda viðmælanda sem prýðir myndina. Loftleiðir birtast manni sem stór fjölskylda sem hefur frá nógu að segja af gríni og alvöru. Saga af flugslysi Geysis á Vatnajökli setur kraft í myndina rétt eins og björgun á „strandaðri“ björgunarflugvél Bandaríkjanna. Gullaldartími Loftleiða er vel útfærður. Það er spennandi að sjá hvernig „hippaflugfélagið“ er frumkvöðull laggjaldaflugs í heiminum og kaup þeirra á Air Bahama er upphaf þotaldar í íslensku flugi. Hér

er borin á borð frásögn af viðskiptum sem við skiljum, hin klassískari hugsun í fyrirtækjarekstri sem virðist vera útdauð. Myndin er hvetjandi einmitt þegar útrásarvikingarnir okkar hafa haft svo gagnstæð áhrif. Við sjáum líka hvernig gjörspilt öfl léku starf frumkvöðulsins grátt. Hvernig verðmatið á eignum við sameiningu Flugfélags Íslands og Loftleiða var makað af óheilindum. Loftleiðir voru í raun éttnar af öflum sem við þekkjum alltof vel. Það er undarlegt að Kolkraðinn sé ekki settur skýrar í samhengi við þá skitugu framvindu. Myndin er fyrir rest vel þess virði, þótt einhver segði að jafn magnaður maður ætti skilið magnaðri mynd.

Erpurr Eyvindarson